

## Íþróttta- og sýningarhöll í Laugardal



### VERKSVIÐ VERKÍS

- Áætlanagerð
- Öll verkfræðihönnun
- Gerð útboðsgagna og kostnaðaráætla
- Umsjón á framkvæmdatíma

### LÝSING

Nýbyggingin tengist gömlu Laugardalshöllinni. Hún skiptist í frambyggingu, aðalbyggingu og tengibyggingu. Í frambyggingunni er rúmgott anddyri sem sameinar eldri og yngri byggingar auk samkomusalár fyrir 100 manns og skrifstofuaðstöðu starfsmanna. Í aðalbyggingu er fullkominn 5.000 m<sup>2</sup> frjálsíþróttasalur með 200 m hlaupabraut, og er allur frágangur þar með því besta sem gerist í Evrópu. Salinn má einnig nota til samkomu- og sýningarhalds. Í tengibyggingu eru minni salir, bæði fyrir íþróttir og samkomuhald, auk bíningsklefa og annarrar aðstöðu fyrir notendur hússins.

Alls er nýbyggingin 9.500 m<sup>2</sup> að stærð. Eftir stækkun er Laugardalshöllin öll um 16.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Gengið var frá lóð Laugardalshallarinnar með akvegum, bílastæðum, göngustígum og torgum á alla vegu umhverfis byggingarnar.

Burðarvirki bygginga eru að mestu úr staðsteypu, en yfir íþróttasal eru þrívíðar grindarsperrur og stálbitar yfir anddyrisbyggingu. Þök eru að mestu úr forsmíðuðum þakeiningum.

Eitt loftræsikerfi er fyrir aðalsalinn, annað fyrir aðalanddyri, þriðja fyrir fyrirlestrarsal, auk annarra smærri kerfa.

Í húsinu er miðlægt hússtjórnarkerfi sem hefur yfirsýn yfir lýsingu, gluggatjöld, fundarherbergisstjórn, loftræsikerfi og fleira.

### ALMENNT UM VERKIÐ

Arkitekt: Teiknistofan T.ark hf.

Aðalverktaki: Eykt hf.

Eftirlit: Linuhönnun hf

Kostnaður: Heildarkostnaður um 1.500 Mkr.

